

## Umhverfisstefna Eldingar Hvalaskoðunar

Sjálfbær þróun hefur verið mikið til umfjöllunar allt frá síðari hluta 9. áratugarins, ekki síst í tengslum við ferðapjónustu. Sjálfbær ferðamennska byggir á því að mæta þörfum nútímans án þess að ganga á möguleika framtíðarinnar. Umhverfisvottun í ferðapjónustu er viljayfirlýsing sem miðar að sjálfbærri þróun og er Elding nú orðin aðili hjá Green Globe 21 umhverfisvottunarkerfinu og hefur náð „Benchmarked“ þrepinu. Green Globe 21 eru alþjóðleg samtök sem vinna að vottun umhverfsvænna starfshátta og byggir á sjálfbærri þróun í anda Staðardagskrá 21. Elding hefur gengið í gegnum ákveðið ferli sem felur í sér umhverfisstefnu, markmiðasetningu, áætlanagerð, umhverfissúttekt og að lokum framkvæmd og rekstur kerfisins. Einnig hefur fyrirtækið fengið Bláfánaveifu og þannig gefið fyrirheit um góða umgengni við hafið og umhverfið í heild.

Helstu markmið Eldingar eru:

- Kappkosta að finna lítið/minna mengandi orkugjafa fyrir daglega störf
- Lágmarka notkun orku
- Lágmarka notkun efna í daglegum störfum
- Lágmarka framleiðslu sorps/ úrgangs og hámarka endurvinnslu
- Nota helst umhverfisvænar og staðbundnar vörur
- Veita starfsfólki reglulega fræðslu um umhverfis- og öryggismál
- Fræða gesti um lífríki hafsins og siðarreglur í hvalakoðun

Umhverfisvottun snýst ekki einungis um umhverfismál, heldur tekur það ferli einnig til þátta eins og siðferðis, sanngjarnra viðskiptahátta og félagslegrar ábyrgðar og mótar fyrirtækið sér þ.a.l. heildstæða stefnu í átt til sjálfbærrar þróunar. Við teljum tvímælalaust að umhverfisvottun sé árangursríkt stýritæki fyrir Eldingu, bæði á sjó sem og á landi.

Náttúran er helsta aðráttarafi Íslands í ferðapjónustu og það hlýtur því að vera ávinningur fyrir alla að vel sé haldið utan um þá auðlind svo að við getum öll notið hennar um ókomna tíð.

